

SANDKORN

■ Bloggarinn **Stefán Friðrik Stefánsson** ritar á bloggsíðu sína og lýsir vanþóknun sinni á beiðni forsetans um launalækkun. „Mér finnst það eiginlega algjör sýndarmennska hjá **Ólafi Ragnari**



Grímssyni, forseta Íslands, að biðja nú um launalækkun,” segir hann. Fyrir sléttum mánuði fagnaði hann svipaðri beiðni forsætisráðherra með fyrisögninni: „Sterkt útspil hjá Geir að óska eftir launalækkun.” Sagði hann að landsmenn allir hlytu að fagna því útspli.

■ Eitt af síðustu verkefnum Alþingis fyrir þinglok var að samþykkja breytingar á lögum um eftirlaun ráðamanna. Ekki gengu breytingarnar lengra en svo að munurinn minnkaði en var ekki afnuminn.



Þó er spurning hversu langt sú breyting nær. Alla vega þóttist **Siv Friðleifsdóttir**, sem býður sig fram til varaformanns Framsóknarflokksins, hafa það á hreinu í umræðum á Alþingi að þingmönnum og ráðherrum yrði bættur upp skaðinn, launin þeirra hlytu að hækka á móti skertum eftirlaunum.


■ 28 fá heiðurslaun listamanna greidd frá Alþingi á næsta ári. Hver og einn fær 150 þúsund krónur á mánuði. Engar breytingar eru á listanum. Þeir 28 listamenn sem fengu heiðurslaun á síðasta ári fá þau á þessu ári. Þeir eru **Atli Heimir Sveinsson**, **Ásgerður Búadóttir**, **Erró**, **Fríða Á. Sigurðardóttir**, **Guðbergur Bergsson**, **Guðmunda Elíasdóttir**, **Gunnar Eyjólfsson**, **Hannes Pétursson**, **Herdís Þorvaldsdóttir**, **Jóhann Hjálmarsson**, **Jón Nordal**, **Jón Sigurbjörnsson**, **Jón Þórarinnsson**, **Jónas Ingimundarson**, **Jórunn Viðar**, **Kristbjörg Kjeld**, **Kristján Davíðsson**, **Magnús Pálsson**, **Matthías Johannessen**, **Megas**, **Róbert Arnfinnsson**, **Thor Vilhjálmsson**, **Vigdís Grímsdóttir**, **Vilborg Dagbjartsdóttir**, **Þorbjörg Höskuldsdóttir**, **Þorsteinn frá Hamri**, **Práinn Bertelsson** og **Þuríður Pálsdóttir**.



Lýðræðið er í hættu

Endalok Ameríku

Frí heimsending
http://www.eshop.is/bendill
Þöntunarsímar:
567-9818 / 897-9818



Í fyrra kepptust viðskiptabankarnir stóru við að færa viðskiptavinum, velunnurum, ráðherrum og eftirlitsaðilum jólagjafir. Oftast nær í formi áfengis. Stefnumbreytingin í ár er skýr. Nú leggja Nýi Glitnir, Landsbankinn og Kaupþing góðgerðarmálum lið með því að láta ágóða jólakveðja og gjafa renna til styrktar góðum málefnum.

FRÁ VÍNANDA JÓLANNA TIL GÓÐGERÐARMÁLA

SIGURÐUR MIKAEL JÓNSSON

blaðamaður skrifar: mikael@dv.is



Það er af sem áður var þegar viðskiptabankarnir gömlu gátu gert vel við viðskiptavinum sína og velunnara. Í fyrra kepptust bankarnir við að senda ráðherrum og eftirlitsaðilum áfengar veigar í jólagjöf en í ljósi gjörbreyttra aðstæðna ákveða þeir nú að styrkja góðgerðarmál í stað þess að leggja út fyrir jólagjöfum.

Gáfu ráðherrum rauðvín

Nýi Landsbankinn hefur ákveðið að styrkja innanlandsdeild Hjálparstarfs kirkjunnar í ár í stað þess að senda jólakveðjur og gjafir til viðskiptavina bankans. Framlag Landsbankans nemur þremur milljónum króna.

Fyrir jólin í fyrra fengu meðal annars ráðherrar ríkisstjórnarinnar rauðvínslösku í kassa frá Landsbankanum. Var um að ræða Rioja-vín, Muga, árgang 2003, Selección Especial í trékassa.

GLITNIR

FME mátti ekki þiggja rauðvín Kaupþings

Kaupþing fór aðra leið en Glitnir og Landsbank-

inn í fyrra. Starfsmenn og stjórnarmenn Fjármálaeftirlitsins nutu góðs af gjafmildi hins umsvifamikla banka sem færði þeim að gjöf tvær rauðvínslöskur. Engar fregnir bárust af því að ráðherrar hefðu fengið vín frá Kaupþingi. Starfs- og stjórnarmenn Fjármálaeftirlitsins máttu hins vegar ekki taka við gjöfum frá eftirlitskyldum aðilum nema viðskiptamenn almennt fengu þær líka samkvæmt lögum sem sett voru af Valgerði Sverrisdóttur, þáverandi viðskiptaráðherra, árið 2001. Þrátt fyrir að reglurnar hafi verið settar til að tryggja „hlutlægni við úrlausn verkefna Fjármálaeftirlitsins og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra eða að hagsmunatengsl myndist“ lét Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, hafa eftir sér að hann teldi slíkar gjafir innan eðlilegra marka og að þær hefðu á engan hátt áhrif á dómgreind starfsmanna til að sinna sínum störfum.

Skilaði flöskunum
Kaupþing sendi Viðari Má Matthíassyni, formanni Yfirtöku-nefndar, tvær

flöskur en hann sá hlutina í öðru ljósi en Jónas og sendi þær rakleiðis til baka. Þótti honum fráleitt að þiggja slíkar gjafir frá þeim sem Yfirtöku-nefnd hefði eftirlit með. En nefndin hefur eftirlit með því að fylgt sé yfirtökureglum í lögum um verðbrefaviðskipti.

Stjórn Nýja Kaupþings hefur nú greint frá því að í ár verði Rauða krossi Íslands færð peningagjöf í stað þess að senda jólakort og jólagjafir til viðskiptavina bankans. Vill bankinn með því sýna stuðning í verki við það góða starf sem unnið er á vegum samtakanna hér á landi.

Mátti ekki þiggja rauðvín
En forstjóri Fjármálaeftirlitsins, Jónas Fr. Jónsson, taldi gjafirnar innan eðlilegra marka.



Bankarnir veittu vel
Í fyrra flæddi áfengið úr höfuðstöðvum viðskiptabankanna en í ár styrkja þeir góðgerðarmál.